



1. gr. SJÚKRADAGPENINGAR

1. Sjúkrasjóður KÍ greiðir sjúkradagpeninga til sjóðfélaga sem er í starfi en lendir tímabundið út af launaskrá eða verður fyrir skerðingu á launum vegna veikinda eða slyss. Sjúkradagpeningar greiðast eftir að veikindarétti samkvæmt kjarasamningi sleppir.
2. Sjúkrasjóður greiðir sjúkradagpeninga til sjóðfélaga sem verður fyrir tekjuskerðingu sem er afleiðing alvarlegra langtímaveikinda maka eða barna, enda hafi veikindin staðið í a.m.k. þrjá mánuði.
3. Dagafjöldi sjúkradagpeninga miðast við 75% daga sem sjóðfélagi nýtur veikindaréttar samkvæmt kjarasamningi, þ.e. í allt að 270 daga miðað við 360 daga veikindarétt. Sjúkradagpeningar greiðast þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.
4. Fjárhæð sjúkradagpeninga tekur mið af meðalstarfshlutfalli síðustu 12 mánuði áður en réttur til þeirra stofnast og af starfshlutfalli þann tíma sem sá réttur varir. Óskert fjárhæð dagpeninga eru 12.500 kr. á dag. Greiddir eru 30 dagar í mánuði.
5. Sjúkradagpeningar að viðbættum sjúkradagpeningum almannatrygginga, örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum eða Tryggingastofnun ríkisins geta aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur launaskerðingu sjóðfélaga.
6. Sjóðsstjórn er heimilt að greiða sjúkradagpeninga til atvinnulauss sjóðfélaga, þó ekki lengur en í þrjá mánuði samtals á hverju tímabili sem atvinnuleysisbætur eru greiddar (nú 30 mánuðir).
7. Í sérstökum tilvikum er sjóðsstjórn heimilt að greiða sjúkradagpeninga í allt að fjóra og hálfan mánuð eftir að ráðningartímabili lýkur.
8. Með barni í þessari grein er auk kynbarns, kjörbarns og fósturbarns átt við stjúpbarn og barnabarn sem býr á heimili sjóðfélaga eða þarfnast sannanlega umönnunar hans.

2. gr. ÚTFARARSTYRKUR

Sjóðurinn greiðir útfararstyrk allt að 350.000 kr. vegna andláts sjóðfélaga eða barna hans 20 ára og yngri, enda hafi barn sannarlega verið á framfæri sjóðfélaga. Enn fremur greiðir sjóðurinn útfararstyrk allt að 250.000 kr. vegna andláts fyrrverandi sjóðfélaga allt að fimm árum eftir að hann hefur hætt störfum vegna aldurs eða örorku. Útfararstyrkur greiðist til lögerfingja.

3. gr. MEÐFERÐARSTYRKIR

1. Sjóðfélagi fær styrk vegna einstaklingsmeðferðar hjá iðjuþjálfara, sjúkraþjálfara eða talmeinafræðingi. Greiddar eru allt að 4.000 kr. í allt að 30 skipti samtals á hverju 12 mánaða tímabili. Skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt þessu ákvæði er að meðferð hafi farið fram fyrir 1. maí 2017. Málsgrein 3.1 fellur úr gildi í heild sinni frá og með 1. maí 2018.



2. Sjóðfélagi fær styrk vegna einstaklingsmeðferðar hjá sjúkrannuddara, hnykkjara (kíropraktor), alexandertæknikennara eða osteopata eða vegna nálastungumeðferðar. Greiddar eru allt að 3.500 kr. í allt að 10 skipti samtals á hverju 12 mánaða tímabili.
3. Sjóðfélagi fær styrk vegna meðferðar hjá félagsráðgjafa, sálfræðingi eða listmeðferðarfræðingi. Fyrir einstaklingsmeðferð eru greiddar allt að 10.000 kr. í allt að 10 skipti samtals á hverju 12 mánaða tímabili en fyrir hópmeðferð eru greiddar allt að 5.000 kr. í allt að 10 skipti á hverju 12 mánaða tímabili. Ekki er greiddur styrkur vegna meðferðar sem fram fer 1. maí 2017 eða síðar og fellur undir reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.
4. Sjóðurinn greiðir kostnað vegna meðferðar á Heilsustofnun NLFÍ. Greiddar eru að hámarki 5.000 kr. á dag í allt að 28 daga á hverju 12 mánaða tímabili.
5. Sjóðurinn greiðir enduræfingu hjá Þraut. Greiddar eru að hámarki 35.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili.
6. Sjóðurinn greiðir styrk til sjóðfélaga sem sækir námskeið til að hætta að reykja hjá viðurkenndum aðilum, s.s. Krabbameinsfélaginu og heilsuverndarstöðvum, að hámarki 25.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili.

4. gr. FORVARNIR

1. Sjóðurinn greiðir reglubundna krabbameinsleit (kembileit) að hámarki 6.600 kr. Enn fremur er greitt vegna krabbameinsskoðunar í ristli að hámarki kr. 30.000, sama gildir um skoðun á blöðruhálskirtli. Ef sjóðfélagi þarf að fara í framhaldsskoðun greiðir sjóðurinn þá skoðun einnig, að hámarki 20.000 kr.
2. Sjóðurinn greiðir áhættumatsskoðun hjá Hjartavernd eða sambærilegum aðila, að hámarki 10.000 kr.

5. gr. VEIKINDI Í VERKFALLI

Í verkfalli félagsmanna Kennarasambands Íslands er sjóðnum heimilt að bæta tekjuskerðingu sjóðfélaga sem er í veikindaleyfi meðan á verkfalli stendur.

6. gr. KOSTNAÐARSAMAR AÐGERÐIR/MEDFERÐ

1. Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki vegna kostnaðarsamra aðgerða eða meðferða sem sjóðfélagi fer í samkvæmt læknisráði. Skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt þessu ákvæði er að sjóðfélagi hafi fengið afsláttarkort hjá Sjúkratryggingum Íslands og að útlagður kostnaður fari yfir 40.000 kr. umfram greiðslu frá Sjúkratryggingum. Þetta ákvæði gildir ekki um tannlæknakostnað. Skilyrði fyrir styrkveitingu samkvæmt þessu ákvæði er að kostnaður hafi fallið til fyrir 1. maí 2017. Málsgrein 6.1 fellur úr gildi í heild sinni frá og með 1. maí 2018.



2. Sjóðurinn greiðir almennt ekki styrki vegna lyfja- og ferðakostnaðar vegna veikinda. Þó er sjóðsstjórn heimilt að veita styrki við sérstakar aðstæður, svo sem ef um mikil og óvænt útgjöld eða fjárhagslega erfiðleika er að ræða af þessum sökum.

7. gr. HEYRNARTÆKI - GLERAUGU - LASERAÐGERÐIR

1. Sjóðfélagi fær styrk vegna kaupa á heyrnartækjum. Fjárhæð styrks getur numið allt að 45% af kaupverði tækjabúnaðar.
2. Sjóðfélagi fær styrk vegna kaupa á gleraugum einu sinni á hverjum 24 mánuðum. Styrkur nemur 30% af heildarkostnaði. Ekki er veittur styrkur nema kostnaður vegna gleraugna fari yfir 30.000 kr.
3. Sjóðfélagi fær styrk vegna laseraðgerða á augum. Greiddar eru að hámarki 70.000 krónur fyrir hvort auga. Sama gildir um augasteinsaðgerðir.

8. gr. GLASAFRJÓVGUN - TÆKNISÆÐING - ÆTTLEIÐING

Sjóðurinn endurgreiðir hluta kostnaðar vegna glasafrjóvgunar og tæknisæðingar, þó að hámarki 200.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili. Enn fremur endurgreiðir sjóðurinn hluta kostnaðar vegna ættleiðinga, þó að hámarki 300.000 kr. fyrir hvert barn.

9. gr. FÆÐINGARSTYRKUR

1. Sjóðfélagi fær greiddan fæðingarstyrk að fjárhæð 215.600 kr. miðað við fullt starf síðastliðna 6 mánuði fyrir fæðingu barns eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma, enda fari sjóðfélagi með forsjá barnsins og taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof. Hægt er að nýta styrkinn upp að 18 mánaða aldri barns.
2. Vegna fjölburafæðinga eru greiddar 215.600 kr. fyrir hvert barn umfram eitt.
3. Um ættleiðingar gilda sömu reglur og um venjulega fæðingu væri að ræða.
4. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eða andavanafæðingu eftir 22 vikna meðgöngu er greiddur hálfur fæðingarstyrkur.

10. gr. TANNLÆKNAKOSTNAÐUR

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrk vegna tannlæknakostnaðar sem nemi 70% af kostnaði umfram 250.000 kr. einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili, þó að hámarki 250.000 kr. Styrkur er ekki greiddur vegna aðgerða sem einungis eru gerðar í februnarskyni.

11. gr. ÚTHLUTUNARRÉTTUR

1. Sjóðfélagi öðlast rétt til úthlutunar úr Sjúkrasjóði eftir 6 mánaða iðgjaldagreiðslur í hann. Sjóðfélagi öðlast þó rétt til úthlutunar eftir iðgjaldagreiðslu í einn mánuð ef hann fyrir það greiðslutímabil átti rétt til úthlutunar úr sjúkrasjóði annars stéttarfélags, enda veiti sá sjóður fyrrum sjóðfélögum úr Sjúkrasjóði KÍ sams konar rétt.



2. Réttur til úthlutunar fellur niður á meðan sjóðfélagi nýtur launalauss leyfis, en stofnast að nýju við fyrstu iðgjaldagreiðslu að loknu leyfi. Að fenginni heimild frá stjórn KÍ getur sjóðfélagi í launalausum leyfi greitt stéttarfélagsgjald eitt ár í senn og heldur hann þá fullum réttindum.
3. Sjóðfélagi sem fer í fæðingarorlof og velur að greiða stéttarfélagsgjald meðan á því stendur heldur fullum réttindum. Sama gildir um sjóðfélaga á atvinnuleysissskrá sem greiðir stéttarfélagsgjald.
4. Réttur til greiðslna úr sjóðnum fyrnist sé ekki sótt um þær innan 12 mánaða frá því að bótaréttur skapaðist.
5. Réttur til greiðslu samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar fyrnist ef hennar hefur ekki verið vitjað innan 6 mánaða frá því að tilkynning um úthlutunarrétt var send til viðkomandi.
6. Réttur til nýs sjúkradagpeningatímabils stofnast aftur þegar sjóðfélagi hefur greitt 6 mánuði í sjóðinn eftir að síðasta dagpeningatímabili lauk.
7. Styrkur úr Sjúkrasjóði KÍ getur aldrei orðið hærri en sem nemur útlögðum kostnaði í hverju tilviki.

12. gr. UMSÓKN OG FYLGIGÖGN

1. Sá sem óskar eftir greiðslu úr sjóðnum og uppfyllir skilyrði reglna þessara skal skila rafrænni umsókn í gegnum „Mínar síður“ á vef KÍ eða leggja fram skriflega umsókn á viðeigandi eyðublaði sjóðsins.
2. Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn eftir því sem við á. Gögn, þar á meðal reikningar, skulu vera rafræn eða skönnuð frumrit. Reikningar skulu vera í löglegu formi með nafni umsækjanda, auk þess sem nafn og kennitala seljanda þarf að koma fram, ásamt upplýsingum um þá þjónustu eða vöru sem keypt er. Reikningar skulu sannanlega hafa verið greiddir. Sjóðsstjórn getur jafnan farið fram á að frumrit reiknings verði lagt fram og/eða að lögð verði fram nánari gögn til stuðnings umsókn.
3. Vegna umsóknar um sjúkradagpeninga, sbr. 1. gr., skal fylgja læknisvottorð er tilgreini þann dag er slys eða veikindi bar að höndum og hvenær viðkomandi varð/verður aftur starfshæfur, svo og staðfesting launagreiðanda um síðasta greiðsludag launa, meðalstarfshlutfall síðustu 12 mánaða og veikindarétt umsækjanda. Við langvarandi veikindi þarf að jafnaði að skila nýju læknisvottorði á tveggja mánaða fresti.
4. Vegna umsóknar um útfararstyrk skv. 2. gr. skal fylgja útskrift úr dánarskrá viðkomandi sýslumannsembættis. Umsókn um útfararstyrk vegna barns skal enn fremur fylgja reikningur vegna keyptrar þjónustu.
5. Vegna umsóknar um greiðslu kostnaðar skv. 1. mgr. 3. gr. skal fylgja vottorð/tilvísun frá lækni um nauðsyn á heilbrigðisþjónustu sem þar greinir.



6. Umsókn um endurgreiðslu kostnaðar skv. 3., 4., 6., 7., 8. og 10. gr. skal fylgja reikningur vegna keyptar þjónustu eða vöru. Umsókn um endurgreiðslu kostnaðar skv. 6. gr. skal einnig fylgja yfirlit um endurgreiðslur frá Sjúkratryggingum.
7. Vegna umsóknar skv. 5. gr. fylgi læknisvottorð.
8. Vegna umsóknar um fæðingarstyrk, sbr. 9. gr., skal fylgja ljósrit af fæðingarvottorði barns og staðfesting launagreiðanda um meðalstarfshlutfall síðustu 6 mánaða fyrir fæðingu barnsins.
9. Kostnaður vegna læknisvottorða skv. 1. gr. er endurgreiddur gegn framvísun frumrits kvittunar.
10. Umsóknareyðublöð liggja frammi hjá trúnaðarmönnum og á vefsíðu Kennarasambands Íslands.

13. gr. UMSÓKNARFRESTUR

Umsóknir eru afgreiddar einu sinni í mánuði. Hverju sinni eru teknar til afgreiðslu umsóknir sem borist hafa 15. sama mánaðar.

14. gr. ENDURSKOÐUN

1. Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs Kennarasambands Íslands skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en einu sinni á ári.
2. Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs Kennarasambands Íslands og allar breytingar á þeim skulu birtar opinberlega á vettvangi Kennarasambandsins og kynntar trúnaðarmönnum sérstaklega.

Úthlutunarreglur þessar gilda frá 1. desember 2017.